




Gildandi deiliskipulag, samþykkt 04.11.2004 m.s.br., í mælikvarða 1:5000

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

Lón vegna 1. áfanga snjóframleiðslu sem staðsett er norðan vélaskemmu færist um 200 m til norðurs að Bláfjallavegi. Stærð lónsins er óbreytt eða um 6.000 m². Ástæða færslunnar er að hæðarlega lónsins er heppilegri á nýjum stað þar sem það er staðsett í náttúrulegri lægð í landi og rammað inn af hlíð til austurs, hraunkanti til norðurs og vegi til vesturs. Vegna færslu lónsins er þörf á að færa skilgreint svæði/byggingarreit fyrir borplan/borsvæði og verður svæðið á milli lónsins og núverandi vélaskemmu. Stærð borplansins/borsvæðisins er óbreytt eða um 5.300 m². Þá er bætt við í skilmála að spennistöð Veitna megi vera innan byggingarreits fyrir borplan og borholu. Að öðru leyti er vísað í gildandi deiliskipulag samþykkt í bæjarráði 4. nóvember 2004 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 11. apríl 2005.

Snjóframleiðsla

Gert er ráð fyrir að hefja framleiðslu á snjó sem dreift verður um brekkurnar sbr. skipulagsupprátt. Áætlað er að kerfið verði sett upp í tveimur áföngum. Fyrri áfangi er á Heimatorfunni og sá síðari á svæðinu við Suðurgil.


Ekki er leyfilegt að nota íblöndunarefni við snjóframleiðsluna.

Lagnaleiðir eru frá söfnunarlóni að dælustöð og frá þeim upp eftir hlíðunum að þeim stöðum sem snjór verður framleiddur með náttúrulegri frystingu. Heimilt er að leggja greinar út frá meginlagn að einstökum úttaksstöðum, þótt þær greinar séu ekki sýndar á upprætti.

Borplön, dæluhús og miðlunarlön

Í fyrir fyrri áfanga er gert ráð fyrir um 5300 m² borplani sem staðsett er norðan við vélaskemmu austan Bláfjallaskála. Boraðar verða tvær um 300 metra djúpar holur. Úr borholunum verður vatni dælt í miðlunarlön og þaðan veitt inn í dæluhús. Dæluhús verður staðsett á borplaninu. Dæluhúsið er allt að 60 m² að stærð og frá því verður vatninu dælt upp í skíðabrekkurnar. Miðlunarlónið er um 12.000 m³ og allt að 6000 m². Á meðan verið er að fylla lónið er áætlað að dæla um 20 l/sek.

Innan byggingarreits er einnig heimilt að hafa spennistöð Veitna. Nákvæm staðsetning dæluhús, spennistöðvar og miðlunarlóns er ekki ákveðin en mörk byggingarreits eru þau sömu og mörk borplans.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi í mælikvarða 1:5000

Umhverfisáhrif

Ekki er talið að breyting á deiliskipulagi hafið veruleg umhverfisáhrif þar sem aðeins er verið að hliðra staðsetningu lóns og borsvæðis. Frekar er talið að umhverfisáhrif breytingarinnar séu jákvæð þar sem lónið verður staðsett í náttúrulegri lægð á nýjum stað og því verður minni röskun á svæðum umhverfis lónið þar sem minni þörf er á að byggja upp garða umhverfis lónið.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 3. mgr.

44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____

þann _____ og í _____

þann _____

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda


þann _____

Kópavogi, 20. júní 2022

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi

Skipulagssvæðið er háð vatnsvernd skv. samþykkt nr. 555 frá 19.06.2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar, og Hafnarfjarðarkaupstaðar atvinnurekstur og starfsemi háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

Fyrirhugaðar framkvæmdir í Bláfjallum eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.01 í 1. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.



Hluti gildandi Aðalskipulags Kópavogs 2019 - 2040

SKÝRINGAR

- SVEITAFÉLAGAMÖRK
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS / ÓBYGGT SVÆÐI
- BLÁFJALLAÓLKVANGUR
- VATNSVERND FJARSVÆÐI A
- BYGGINGARREITIR FYRIR SKÍDALYFTUR, LYFTU- OG STÓLAHÚS
- BYGGINGARREITIR FYRIR BORPLAN OG BORHÖL
- BYGGINGARREITIR FYRIR HÚS, MÆNISSTEFNA
- A1 = NÝR BLÁFJALLASKÁLI
- A2 = NÝR SKÁLAR SKÍDAFÉLAGA
- A3 = ÞJÓNUSTUHÚS Á TOPPI BLÁFJALLA
- A4 = ÞJÓNUSTUHÚS OG STJÓRNSTÖÐ
- A5 = ADSTÖÐUHÚS FYRIR SKÍDAGÖNGUFÉLAGIÐ ULL
- A6 = VIÐBYGGINGAR VIÐ NÚV. BYGGINGAR
- BYGGINGAR NÚVERANDI
- BYGGINGAR SEM VERÐA FJARLÆGÐAR
- ABALVEGIR OG BÍLASTÆÐI
- VEGSLÓÐAR / ÞJÓNUSTUVEGIR
- KALDAVATNSLÖGN
- FRÁVEITULÖGN
- HÁSPENNULÍNA (VÍKJANDI)
- HÁSPENNULÍNA Í JÖRÐU
- HÁSPENNULÍNA Í JÖRÐU - NÝR STRENGUR
- RÖR OG RAFDREIFIKERFI FYRIR SNJÓFRAMLEIÐSLU
- C-HÆTTUMATSLÍNA VEGNA SNJÓFLÓÐA
- NÚVERANDI SKÍDALYFTUR
- SKÍDASVÆÐI
- SKÍDABREKKUR
- GÖNGUSKÍDASVÆÐI
- UNDIRGÖNG
- SORPGÁMAR - LEIÐBEINANDI STAÐSETNING
- BÍLASTÆÐI
- SKÍDAGÖNGUBRAUT
- DISKALYFTA
- STÓLALYFTA



BLÁFJÖLL - SKÍDASVÆÐI Í KÓPAVOGI
DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA
SKIPULAGSUPPRÁTTUR

TEIKN NR:	101	HANNAÐ:	ÓÍ/FK/HN
KVARÐI-A2:	1:2000	TEIKNAD:	ÓÍ/HN
DAGS:	14.06.2022	VERKNR:	16211

